

Fundargerð háskólaráðs

296. fundur þann 18. október 2010
fundaherbergi 262, Borgum, kl. 10-13

Rektor setti fund kl. 10.15.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Svanfríður Inga Jónasdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Þóroddur Bjarnason fulltrúi starfsmanna

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerðir 294. og 295. fundar

1003030, 1003031

Fundargerðir 294. og 295. funda voru bornar upp og samþykktar.

2. Rekstraryfirlit janúar-september

1004008

Úlfar útskýrði yfirlitið. Sagði hann frá að gerðar hafa verið ráðstafanir til að draga úr rekstrarkostnaði viðskipta- og raunvísindasviðs á þessu misseri og munu þær einnig koma til framkvæmda að hluta á vormisseri. Úlfar benti á að kostnaður vegna yfirvinnu við kennslu og vegna stundakennslu í ágúst og september er ekki að fullu kominn inn í tölurnar. Kostnaður vegna rekstrar fasteigna er heldur meiri en áætlað var en eftir er að færa tekjur á móti.

Rekstur kennsludeilda og stoðþjónustu er 1.003.268 mkr. eða 73.97% af áætlun, en viðmiðið er 75%. Rekstur ýmissa verkefna er 38.137 mkr.

Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er 135.879 mkr. og er staða þeirra vel viðunandi.

Úlfar útskýrði hvernig rekstrarfyrirkomulagi þeirra er háttað.

Vinna við rekstraráætlun 2011 er hafin og er m.a. verið að ákvarða námsframboð skólaárið 2011-2012. Um miðjan nóvember munu liggja fyrir drög að rekstraráætlun.

3. Rekstur og námsframboð 2010-2011, staða mála

Rektor greindi frá að niðurskurður á opinberu framlagi til HA árið 2011 er 6.7% eða 90 mkr. Sagði hann frá niðurskurði á framlögum til Háskólasets Vestfjarða sem getur haft í för með sér breytingu á námsframboði.

Umræða varð um viðbrögð stofnana við niðurskurði og taldi rektor að HA hefði brugðist við eins vel og kostur er.

Rætt var um hvernig HA gæti haft uppbyggileg áhrif í samfélaginu í erfiðum aðstæðum.

Fram kom það sjónarmið að nauðsynlegt væri fyrir háskólann að horfa fram á veginn og hafa framtíðarsýn fyrir skólastarfið og hlutverk HA í samstarfsneti háskólanna sem verður orðið virkt árið 2012. Rektor telur að staða HA innan samstarfsnetsins verði sterk.

Rætt var um hugsanleg áhrif niðurskurðar á háskólastarfið, s.s. ánægju nemenda og rannsóknavirkni kennara, og að æskilegt væri að meta þau sérstaklega.

4. Verkefnisstjórn um stefnu opinberra háskóla

Rektor sagði frá störfum verkefnisstjórnarinnar. Fjórar vinnunefndir hafa verið settar á stofn, um stoðþjónustu, upplýsingakerfi, gæðamál/kennslu og gæðamál/rannsóknir. Verkefnisstjórnin mun skoða ýmsar fyrirmyndir að skipulögðu samstarfi háskóla.

Telur rektor að verkefnisstjórnin muni líklega starfa áfram eftir að samstarfsnet háskóla er orðið að veruleika.

Rætt var um brýna þörf fyrir jákvæða umræðu í þjóðfélaginu, að skipta um umræðuefni, ekki síst vegna neikvæðra áhrifa efnahagskreppunnar á ungt fólk.

Rektor sagði frá fyrirhuguðu samstarfi Vinnumálastofnunar og HA um starfsendurhæfingu, en það er tilraunaverkefni sem verður sett upp annarsstaðar þegar reynsla er fengin.

Rektor sagði einnig frá málefnum Res-Orkuskóla. Um 40 nemendur ljúka námi í febrúar næstkomandi. HA ber faglega ábyrgð á námi þeirra. Háskólinn mun leggja fram vinnu við að greiða úr fjárhagsmálum RES til að tryggja námsframvindu þessarra nemenda. Engir samningar eru um samstarf um rekstur RES eftir það.

5. Önnur mál

1004014

Þóroddur spurðist fyrir um framhald á vinnu vegna skýrslu um sóknarfæri kennara til að afla rannsóknastyrkja sem út kom í mars 2010.

Rektor mun taka saman punkta um það mál.

Rektor þakkaði öllum fulltrúum í háskólaráði fyrir gott samstarf síðastliðin tvö ár. Taldi hann gagnlegt að á vettvangi háskólaráðs kæmu fram mismunandi skoðanir og tekist væri á um þær þegar svo bæri undir.

Skipun nýs háskólaráðs hefst með kjöri á fulltrúum háskólasamfélagsins þann 29. október og síðan verður óskað eftir tilnefningu á fulltrúa menntamálaráðuneytis.

Fulltrúar í háskólaráði þökkðu rektor sömuleiðis fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf.

Fleira ekki gert, fundi slitið k. 12.15. Fram var borin ljúffeng fiskisúpa og meðlæti.